

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. október 2022
UST202209-297/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulag Flóahrepps 2017-2029 - Lækjarholt 1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 fyrir Lækjarholt 1.

Í greinargerð kemur fram breytingin fellst í að hluti landspildunnar fyrir Lækjarholt 1 verður breytt úr landbúnaðarlandi í verslunar- og þjónustusvæði, þar sem heimiluð verði ferðaþjónusta. Auk þess kemur fram að í drögum að breytingu á deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir byggingu allt að 10 gistihúsa á lóðinni.

Áhrifamat

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að við skipulagsgerðina þarf að meta áhrif tillögunnar á hraun þar sem framkvæmdarsvæðið er á svokölluðu Þjórsárhrauni sem fellur undir 61. gr. náttúrverndarlaga nr. 60/2013, á fuglalíf þar sem svæðið er mikilvægu fuglasvæði, á vistgerðir þar sem innan skipulagssvæðisins eru vistgerðir sem hafa hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndunar og að lokum þarf að meta áhrif tillögunnar á ásjýnd.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur